

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um 46 skifting Rauðasandshrepps í tvö sveitarfjelög.** 20. apríl

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 12. febr. þ. á., hefir stjórnarráðinu borist erindi frá hreppsnefndinni í Rauðasandshreppi í Vesturbarðastrandarsýslu um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Rauðasandshreppi í Vesturbarðastrandarsýslu skal skift í tvö sveitarfjelög þannig, að annar hreppurinn nái yfir núverandi landareign Geirseyyrar og Vatneyrar samkvæmt landamerkjaskrá þessara jarða og nefnist Patrekshreppur, en hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins fyrra hrepps og haldi nafninu Rauðasandshreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Rauðasandshrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Patrekshrepps komi  $\frac{3}{5}$  hlutar, en í hlut Rauðasandshrepps  $\frac{2}{5}$  hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

Þó er gjörð sú undantekning frá nýnefndri reglu, að Patrekshreppur fái til eignar og umráða hluta hins fyrra hrepps í skólahúsinu (Neistafjelagshúsi) með tilheyrandi skólaáhöldum, gegn því að taka að sjer skuld hans við sparisjóð Vesturbarðastrandarsýslu, að upphæð 1500 kr. Svo og að Rauðasandshreppur fái í sinn hlut  $\frac{2}{3}$  úr jörðinni Móbergi gegn því að greiða Patrekshreppi 360 kr.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í Patrekshreppi en 3 í Rauðasandshreppi, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig kveði á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Rauðasandshreppi sem dómpinghá nje mantalsþinghá.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um endurveiting hlunninda handa sparisjóðinum í Húnavatnssýslu.** 17. maí

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá forstöðunefnd sparisjóðsins í Húnavatnssýslu, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1.